

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

1. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Viðskiptabréfareglur (60%) ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna veðréttar (25%) og þinglýsingar (15%)		
Prófdagur:	6. nóvember 2010	Kl.:	09:00 – 13:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	6 (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Lög og reglugerðir	Fylgiblöð:	

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

VIÐSKIPTABRÉFAREGLUR 60%

A. Rétt eða rangt (10%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. 1,5 stig eru gefin fyrir rétt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, sem gefur eitt stig). 0,75 stig eru dregin frá fyrir rangt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, þar sem frádráttur er 0,5 stig). Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Allir fjármálagerningar eru viðskiptabréf

- ☐ Rétt
☐ Rangt

2. Öll hlutabréf eru viðskiptabréf

- ☐ Rétt
☐ Rangt

3. Sterkar mótbáru skuldara eru meðal annars mótbáru um greiðslu vaxta, sem kvittun er fengin fyrir, og mótbáru um að samningur hafi komist á fyrir misneytingu

- ☐ Rétt
☐ Rangt

4. Ef mótbára skuldara hefur einhvern tímann verið skráð á skuldabréf, en hefur verið máð af skuldabréfinu, þá heldur slík mótbára gildi sínu gagnvart grandlausum framsalhafa, ef hægt er að sýna fram á að hún hafi einhvern tímann verið skráð á skuldabréfið

- ☐ Rétt
☐ Rangt

5. Hvað varðar framsal almennra krafna þá halda að jafnaði allar mótbáru gildi sínu gagnvart nýjum eiganda kröfu við framsal hennar, jafnvel þótt nýjum eiganda kröfu hafi verið ókunnugt um tilvist viðkomandi mótbáru þegar hann fékk kröfuna framselda

- ☐ Rétt
☐ Rangt

6. Ef viðskiptabréf er gefið, selt, veðsett eða úthlutað við skipti á óskiptri sameign er talað um að framsal hafi átt sér stað í lífanda lífi („inter vivos“)

- ☐ Rétt
☐ Rangt

7. Þegar um handhafabréf er að ræða nægir handhöfn viðkomandi viðskiptabréfs ekki fyrir kröfuhafa til þess að sanna gagnvart skuldaranum að um réttan eiganda viðskiptabréfsins sé að ræða, heldur verður skuldari að fá fullnægjandi sönnun fyrir raunverulegu eignarhaldi kröfuhafa, áður en honum er óhætt að greiða

- ☐ Rétt
☐ Rangt

B. Krossasurningar (20%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Eitt stig er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Mótbára gegn gildi framsals, sem snýr að því að um málamyndagerning sé að ræða, er sterk mótbára
 - ☐ Með brígðarétti öðlast framsalshafi, sem er grandlaus, réttindi umfram þau sem framseljandi átti til sama viðskiptabréfs, í formi réttindamissis framseljanda
 - ☐ Þegar um víxla er að ræða glatast allar mótbárur gegn tilurð framsals við framsal til grandlauss framsalshafa
 - ☐ Þegar nafnbréf er framselt glatast allar meiriháttar ógildingarástæður gegn gildi framsalsins
2. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt, ef það liggur fyrir að framsal fari fram til grandlauss framsalshafa (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ógildanlegt ef framsal fer fram fyrir meiriháttar nauðung, sé um handhafabréf að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ekki hægt að ógilda ef framsal fer fram fyrir svik, sé um nafnbréf að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ekki hægt að ógilda ef framsal fer fram fyrir umboðsskort, sé um nafnbréf að ræða
 - ☐ Framsal á viðskiptabréfi er ógildanlegt ef viðskiptabréf er framselt með þjófnaði, sé um handhafabréf að ræða
3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um hina svokölluðu skilríkisreglu (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Skilríkisreglan mælir fyrir um rétt skuldara til þess að fá áritað á viðskiptabréf allar afborganir er hann greiðir
 - ☐ Séu skilyrði skilríkisreglunnar ekki uppfyllt þegar skuldari innir af hendi greiðslu samkvæmt skuldabréfi, svo sem ef greiðslu er ekki krafist af formlega réttum eiganda, þá losnar skuldari ekki undan skuldbindingu sinni til greiðslu
 - ☐ Skilríkisreglan gildir um afborganir af höfuðstól jafnt sem um sérstakar vaxtagreiðslur
 - ☐ Ekkert af framangreindu er rétt
4. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
 - ☐ Skuldari tapar öllum mótbárum við framsal til grandlauss framsalshafa, sé um handhafabréf að ræða
 - ☐ Skuldari tapar öllum mótbárum við framsal til grandlauss framsalshafa, sé um nafnbréf að ræða
 - ☐ Skuldari tapar öllum mótbárum við framsal til grandsams framsalshafa, óháð því hvort um nafnbréf eða handhafabréf er að ræða
 - ☐ Ekkert af framangreindu er rétt

5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Það er eitt skilyrði þess, að til mótbárutaps skuldara geti komið, að viðskiptabréf sé framselt með samningi í lífanda lífi („inter vivos“) til grandlauss framsalshafa
- ☐ Þegar um nafnbref er að ræða er framsalshafa skylt að taka viðskiptabréf í sínar vörslur, ætli hann sér að tryggja rétt sinn til viðkomandi viðskiptabréfs
- ☐ Það er eitt skilyrði þess, að til mótbárutaps skuldara getið komið, að framsal handhafabréfs hafi ekki farið fram á grundvelli meiriháttar (sterkrar) ógildingarástæðu
- ☐ Ekkert af framangreindu er rétt
6. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Greiðandi víxla er oftast banki
- ☐ Skuldabréf fela í sér gagnkvæmar skyldur samningsaðila, um útgreiðslu láns og endurgreiðslu þess
- ☐ Greiðandi tékka er ávallt banki
- ☐ Greiðandi tékka er oftast banki
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu afborgunar inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf
- ☐ Lokafærsla verðbréfamiðstöðvar um greiðslu vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur ekki sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf
- ☐ Lokafærsla reikningsstofnunar um greiðslu afborgunar inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf
- ☐ Lokafærsla reikningsstofnunar um greiðslu vaxta inn á reikning til eignarskráðs rétthafa hefur ekki sama gildi gagnvart skuldara og áritun á skuldabréf
8. Hver eftirtalinna fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Eingöngu er hægt að skrá viðskiptabréf með rafrænum hætti
- ☐ Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru rafrænt eignarskráð skal ógilda hið áþreifanlega verðbréf með sérstöku innköllunarferli
- ☐ Ef eignarréttindi yfir verðbréfi eru rafrænt eignarskráð ber eiganda verðbréfs að skila því til reikningsstofnunar, gegn útgáfu rafræna verðbréfsins
- ☐ Hvað rafréf snertir nýtur framsalshafi þess réttar sem skráður er hjá reikningsstofnun og réttur til rafréfs er bundinn skráningu þar
9. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Reglan um mótbárutap skuldara felur það í sér að grandlaus framsalshafi fær allan þann rétt sem viðskiptabréfið bendir til að framseljandi (fyrri eigandi) eigi, óháð því hvort mótbárur skuldara séu sterkar eða veikar
- ☐ Reglan um mótbárutap skuldara felur það í sér að öll réttindi framseljanda yfir viðskiptabréfi, sem ekki hafa verið rituð á það sjálft, glatast þegar bréfið er framselt grandlausum framsalshafa og um er að ræða veika mótbáru
- ☐ Reglan um mótbárutap skuldara felur það í sér að grandlaus framsalshafi fær almennt þann rétt sem viðskiptabréfið bendir til að framseljandi (fyrri eigandi) eigi, með þeim hætti að skuldari kann að glata veikum mótbárum, sem ekki eru skráð á viðskiptabréfið
- ☐ Ekkert af framangreindu er rétt

10. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt um grandsemi framsalshafa við kaup á viðskiptabréfi (réttasti möguleikinn skal valinn)
- ☐ Framsalshafi verður að vera grandlaus til þess að skuldari haldi sterkum mótbárum sínum
 - ☐ Framsalshafi verður að vera grandlaus til þess að skuldari haldi veikum mótbárum sínum
 - ☐ Framsalshafi telst vera grandlaus ef hann vissi eða mátti vita um mótbáru skuldara
 - ☐ Framsalshafi þarf ekki að vera grandlaus til þess að skuldari haldi sterkum mótbárum sínum

C. Raunhæft verkefni (30%)

Í tilefni fyrirtækjaviðskipta gaf Almar Árnason (A) út skuldabréf til Braga Björnssonar (B) að fjárhæð kr. 30.000.000, til greiðslu á hluta kaupverðsins. Skuldabréfið bar 15% fasta vexti og skyldi greiðast til baka með jöfnum afborgunum á fimm árum. Eina afborgun skyldi greiða af höfuðstól á ári, en vaxtagreiðslur skyldu greiðast á sex mánaða fresti. Bréfið var gefið út á nafn B.

Þegar sex mánuðir voru liðnir frá útgáfu bréfsins greiddi Almar áfallna vexti til Braga. Fékk hann kvittun fyrir greiðslunni frá Braga, en greiðslan var ekki færð inn á bréfið sjálft. Þegar ár var liðið frá útgáfu bréfsins greiddi Almar áfallna vexti ásamt afborgun af höfuðstól til Braga í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Aftur fékk Almar kvittun fyrir greiðslunni frá Braga, en greiðslan var ekki færð inn á skuldabréfið sjálft.

Þegar hér var komið við sögu, skömmu eftir að ár var liðið frá útgáfu skuldabréfsins, féll Bragi frá fyrir aldurs sakir. Sonur hans, Daníel (D), fékk bréfið afhent í sinn hlut við skipti á dánarbúinu, en Daníel var með öllu ókunnugt um samskipti Almars og Braga, þar með talið um þær greiðslur sem átt höfðu sér stað og þær kvittanir sem gefnar höfðu verið út. Daníel seldi skuldabréfið loks til áhættufjárfestingarsjóðsins Vogunar (V) með afföllum. Vogun hóf innheimtu skuldabréfsins í samræmi við það sem fram kom á skuldabréfinu, grandlaus um að skuldabréfið hafði ekki að geyma réttar upplýsingar um þær greiðslur sem raunverulega höfðu farið fram.

Vogun krafði Almar þannig um þær fjárhæðir sem Almar taldi sig þegar hafa greitt Braga. Mótmælti Almar greiðslu og lagði fram máli sínu til stuðnings þær kvittanir sem fengist höfðu frá Braga.

1. Þarf Almar að sæta því að greiða vaxtagreiðsluna, sem greidd var sex mánuðum eftir útgáfu skuldabréfsins, aftur en nú til Vogunar? Hvaða skilyrði þurfa með öðrum orðum að vera uppfyllt, til þess að mótbárutap geti orðið, eigi það við?
2. Hefði það skipt máli um úrlausn spurningar 1 ef Daníel hefði ekki selt skuldabréfið til Vogunar og krefðist þessarar greiðslu í eigin nafni?
3. Þarf Almar að sæta því að greiða afborgunargreiðslu, sem greidd var einu ári eftir útgáfu skuldabréfsins, aftur en nú til Vogunar? Hvaða skilyrði þurfa með öðrum orðum að vera uppfyllt, til þess að mótbárutap geti orðið, eigi það við?
4. Hefði það skipt máli um úrlausn spurningar 3 ef Daníel hefði ekki selt skuldabréfið til Vogunar og krefðist þessarar greiðslu í eigin nafni?

Öll svör skulu vera ítarleg og vel rökstudd. Útskýra skal þær reglur um viðskiptabréf sem til álita koma í hverri spurningu og hvernig þeim skuli beitt í hverju einstöku tilfelli, þ.m.t. reglur um mótbárutap skuldara og reglur um þau skilyrði, sem þurfa að vera uppfyllt, til þess að mótbárutap geti orðið samkvæmt viðskiptabréfi.